



Stjórnarfundur í Þýt, haldinn 5. nóvember 2018.

Mættir: Gunnar Geir, Árni Geir, Karítas, Hörður, Gunnar Freyr og Árni Þór.

1. Gunnar Geir greindi frá gangi mála við vinnu við gáma á lóð.
2. Samþykkt að kaupa blað í járnhjólsög.
3. Gunnar Geir greindi frá heimsókn ÍTH nefndar sem var til komin vegna hugmyndar um langtímasamning vegna bátaflota Þyts.
4. Gunnar Geir fór yfir stöðu verkefna. Mjög hefur saxast á þann lista.
5. Karítas greindi frá fyrirhuguðum framhaldssamningi um þrif á húsnæðinu. Samþykkt að framlengja samninginn við kænudeild.
6. Þjálfaramál. Engin lausn er í auglýsni í þjálfaramálum þrátt fyrir að klúbbum hafi borist fjöldi fyrirspurna.
7. Skipulagsmál. Arkitektanefnd bæjarins er komin með málin í sínar hendur. Gunnar Geir lagði fram tillögu að skipun nefndar sem mun vinna að skipulagsmálunum fyrir hönd klúbbsins. Tillagan var samþykkt.
8. Gunnar Geir lagði fram tillögu að kaupum á vél til hreinsunar rampsins. Eftir umræður um málið var ákveðið að skoða þennan möguleika nánar.
9. Öryggismál vegna ramps. Ákveðið var að ekki væri tímabært að taka neinar stórákvarðanir vegna rampsins þar sem nýjar skipulagshugmyndir eru í farvatninu.
10. Ræddir möguleikar varðandi málun á gámum. Samþykkt að kaupa málningu.
11. Kaup á töflu til að fylgjast með stöðu báta fyrir æfingarhóp og fyrir kayaka klúbbsins.
12. Gunnar Geir greindi frá að sér hefðu borist óskir frá ÍBH um myndir úr starfinu.
13. Kerrur undir Laser. Samþykkt fram komin tillaga um að afla tilboða í smíði slíkra kerra.
14. Rætt Íslandsmót 2018 og umræða á netinu í kjölfarið. Fram kom að málið hefur vakið athygli hjá siglingasambandinu.
15. Ræddar fésbókarfærslur á síðum Þyts og möguleg viðbrögð við sumum þeirra færslna sem þar hafa komið fram. Einnig voru ræddar hugmyndir um geymslur fyrir kayaka og kænur.
16. Gunnar Geir lagði fram bréf varðandi bátalyftu sem hann sendi stjórn hafnarinnar. Stjórn lýsir yfir stuðningi við efni bréfsins.
17. Siglingareglur. Gunnar Geir las upp bréf sem honum hefur borist varðandi það að ekki hafa verið þýddar nýjar siglingareglur yfir á íslensku og gefnar út. Ákveðið að senda bréfið áfram til SÍL.
18. Gunnar Geir las upp bréf eins félaga sem hafði sett það á fésbók en ekki lagt það fyrir stjórn eins og eðlilegt væri. Málið rætt. Þessi færsla og fleira sem fram hefur komið á fésbókarsíðum klúbbsins sýna að alvarlegar tilraunir hafa verið gerðar til að sniðganga löglega kjörna stjórn klúbbsins. Er svo komið að tilgangur síðunnar er vanvirtur og notaður sem vettvangur óvandaðs málflutnings sem ætti formlega og efnislega að leggjast fyrir stjórn. Stjórn ákvað að loka síðunni og að opna nýja fésbókarsíðu þar sem tilgangur síðunnar verði skírt tilgreindur. Persónulegar skoðanir um einstaka meðlimi stjórnar og hlutverk þeirra í framkvæmdum klúbbsins á heima á öðrum vettvangi. Það er óverjandi að fésbókarsíða klúbbsins sé notuð undir persónubundið skítkast.

19. Gunnar Geir kynnti innlegg Þyts í fjárhagsáætlun sem síðan er notuð sem innlegg í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2019. Innleggið hefur verið kynnt íþróttafulltrúa. Efni innleggsins var rætt og samþykkt.
20. Tillaga um stofnun sérstakrar kayakdeildar innan félagsins var lögð fram á fundinum og rædd. Tillagan felur í sér að tillaga um stofnun kayakdeildar verði lögð fram til samþykktar á næsta aðalfundi Þyts.
21. Önnur mál. Rædd nauðsyn þess að fara að reglum bæjarins um að kanna bakgrunn allra þeirra einstaklinga sem koma að æskulýðsstarfinu og æfingahópnum. Slík bakgrunnsrannsókn var gerð sl vetur og mikilvægt að viðhalda þessari reglu á nýju starfsári.

Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975

Siglingaklúbburinn Þytur Strandgötu 88 220 Hafnarfjörður Sími 555 3422 kt. 680978-0189 www.sailing.is